

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
104 Reykjavík

Hella 20. september 2017
UST201708-181/H.A.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Hrafntinnusker

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsóknir Stefáns Jökuls fyrir hönd Ferðafélag Íslands dags 29. ágúst 2017 um leyfi til að smíða pall við skálavarðahús í Hrafntinnuskeri og um leyfi til að klára frágang við skálavarðarhús sem sett var upp í október 2016 og leggja drenlögn frá sökkli hússins.

Hrafntinnusker er innan friðlands að Fjallabaki. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrak innan friðlands að Fjallabaki er háð samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. 5 gr. friðlýsingaskilmála friðlandsins, sbr. auglýsingu nr. 354/1979.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða frágang við skálavarðahús sem sett var upp í október 2016, smíði á timburpall með uppstigi í skálann. Samkvæmt meðfylgjandi teikningu verður pallurinn um 14 m^2 að stærð, $3 \times 4,65 \text{ m}$. Þá er einnít áætlað að leggja drenlögn frá sökkli hússins. Lögnin verður sett í skurð við húsið niður í brekkuna til suðurs við skálana.

Áhrifamat

Umrædd framkvæmd er samkvæmt deiliskipulagi og fer fram á áður röskuðu svæði. Rask sem fylgir framkvæmdinni verður bundið við byggingareitinn og hún því ekki talin líkleg til að skerða verndargildi svæðisins.

Skilyrði

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti framkvæmdina með eftirfarandi skilyrðum:

- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í lámarki og bundin við byggingareitinn.
- Vandað verði við frágang eftir að verki líkur.
- Að pallurinn falli vel inn í umhverfið og samræmi verði í útliti þess og þeirra bygginga sem fyrir eru á svæðinu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær framkvæmdir hefjast og þegar þeim líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verklýsingu.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir afgreiðslu leyfisumsókna sem stofnunin annast á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjald fyrir afgreiðslu leyfis vegna framkvæmda er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur